

Ed.

33. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson, Magnús Jónsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fasteignaskattur sá, sem ræðir um í lögum nr. 66 27. júní 1921, skal hér eftir innheimtur af bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum, og rennur í sjóð bæjarfélags eða sveitarfélags, þar sem fasteignin er.

2. gr.

Tekju- og eignarskattur skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og bæjarfélags eða sveitarfélags, þar sem gjaldandi er heimilisfastur.

3. gr.

Þar, sem útsala áfengra drykkja er frá Áfengisverzlun ríkisins, skal bæjarfélagið eða sveitarfélagið fá 25% af útsöluverði áfengisins á þeim stað, sem það er selt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938.

Greinargerð.

Á nokkrum undangengnum þingum hafa verið flutt allmörg frumvörp og tillögur um auknar tekjur bæjar- og sveitarfélaga. Fæst af frumv. þessum hafa hlotið samþykki, en á þinginu 1935 var það orðið flestum eða öllum alþingismönnum ljóst, að ekki yrði undan því komið að finna nýja tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélög. Það þing samþ. því áskorun til ríkisstjórnarinnar um það, að leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin skipaði síðan þriggja manna nefnd til þess að vinna verk þetta. Vann sú nefnd milli þinga, og fluttu síðan tveir nefndarmanna í efri deild frv. um þetta efni, en það náði ekki samþykki. Eins hefir farið um frumvörp, sem síðan hafa verið flutt um sama efni.

Um það virðist enginn ágreiningur nú, að bæjarfélög og sveitarfélög fái alls ekki risið lengur undir þeim útgjöldum, sem á þau hlaðast, nema þau fái nýja eða aukna tekjustofna, og standa bæjarfélögin þar einkum höllum fæti síðan hin nýja framfærslulöggjöf gekk í gildi. En í velflestum þeirra frumvarpa, sem áður hafa legið fyrir Alþingi, og þar á meðal frumvarpi milliþinganeftdarinnar, var meðal annars gengið inn á þá braut að afla þessara tekna með auknum tollaálögum, en bæði er það, að flutningsmenn álíta það eðlilegast, að ríkissjóður sitji einn eða sem mest að tekjum þeim, sem fást með tollaálagningu, en viki heldur að einhverju leyti fyrir bæjar- og sveitarfélögum í innheimtu beinna skatta, og í öðru lagi er ýmsum bæjarfélögum, t. d. Hafnarfjarðarbæ, ófært að fara inn á tollabrautina, og eru til þess ýmsar ástæður.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir Hafnarfjarðarbæ, sem samþ. var á fundi bæjarstjórnar 12. jan. þ. á., treysti bæjarstjórnin sér ekki til að ná því öllu inn með útsvörum, er hún þurfti umfram fasta tekjustofna bæjarins til að standast nauðsynleg útgjöld, og var fjárhagsáætlunin því afgreidd með 30 þús. kr. tekjuhalla, í von um, að samþ. yrðu á vetrarþinginu síðasta lög um nýja tekjustofna fyrir bæjarfélögin. Í sambandi við þessa afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar var í bæjarstjórn-

inni bent á, að helztu tekjuöflunarleiðir að því er Hafnarfjörð snerti væru þær, er greindar eru í þessu frumvarpi. 3. apríl þ. á. var svo samþ. í bæjarstjórninni svo hljóðandi tillaga: „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að afgreiða nú á þessu yfirstandandi Alþingi lög um tekjuauka fyrir kaupstaðina, sem mættu koma þeim að einhverju gagni til tekjuöflunar, þar sem ógerningur virðist vera að afla nauðsynlegra tekna með útsvörum einum.“

Um einstakar greinar frv. þarf fram að taka:

Um 1. gr.

Í flestum frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga á undanförunum þingum hefir verið gert ráð fyrir að ná auknum tekjum með nýjum skatti á fasteignir. Yrði þá fasteignaskattur lagður tvisvar á hverja fasteign árlega. Þetta er neyðarúrræði. Virðist því eðlilegra, að ríkið láti bæjar- og sveitarsjóðum heldur eftir þennan tekjustofn, gegn því að þeir seilist ekki inn á tollasviðið.

Um 2. gr.

Það er kunnugt, að aðaltekjur bæjarsjóða og sveitarsjóða hafa frá öndverðu verið beinn tekju- og eignarskattur — útsvör. Lengi framan af lét löggjafinn bæjar- og sveitarsjóðina sitja svo að segja eina að þessum tekjustofni. Var það og eðlilegt og sjálfsagt, því varla var um tekjur fyrir þá að ræða af öðru. En á síðustu árum hefir ríkið gengið svo freklega á þennan tekjustofn, að til vandræða horfir fyrir bæjar- og sveitarsjóði. Rétt virðist því að draga glögga línu milli þessara sjóða í notkun þessa tekjustofns.

Um 3. gr.

Því verður ekki neitað, að þar, sem útsala áfengra drykkja er, skapar það bæjarfélögum þeim, er hlut eiga að máli, veruleg bein útgjöld auk óþæginda og annars höls, sem ógerningur er að meta til verðs. Er því í alla staða sanngjarnt, að allverulegur hluti þess hagnaðar, sem ríkið hingað til hefir eitt haft af sölu áfengis, renni í viðkomandi bæjarsjóð, þar sem opin áfengissala er.